# Fundur Almannavarnarnefndar Austurlands

**Dags og tími,** 13. des. 2021, fundur 10/2021 og haldinn á teams klukkan 14:00

**Fulltrúar í almannavarnarnefnd eru:**

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn
Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings
Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps, boðaði forföll
Sigurjón Valmundsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands,
Helgi Gíslason, sveitarstjóri, Fljótsdalshrepps
Sveinn Halldór Oddsson Zoéga, Landsbjörg á Austurlandi.

**Mættir:**

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn
Helgi Gíslason, sveitarstjóri, Fljótsdalshrepps
Sigurjón Valmundsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Óðinn Gunnar Óðinsson frá Múlaþingi
Sveinn Halldór Oddsson Zoéga, Landsbjörg á Austurlandi.

**Dagskrá fundar:**

Fundur settur og fundarmenn boðnir velkomnir

1. Fundargerð frá 22. nóv. var lögð fram og var hún samþykkt.

2. Rafmagnsleysi í óveðri – Hver kortleggur í sínum ranni, - framh.
   a. JHB er búinn að ræða við Rarik og ætlar hann að fylgja málinu eftir í samstarfi við forstjóra Rarik.

3. Helstu tíðindi af vinnuhópum almannavarnanefndar, hver eru næstu skref, æfingar o.fl.?
   a. Umræða var um hvernig vinnan gengur og er góður gangur í henni. Þrír fundir hafa verið haldnir í Fjarðarbyggð og sá síðasti var um Norðfjarðargöng og lokun þeirra. Búið er að ákveð að setja upp aðgerðarstjórn ef að þarf að loka þeim af einhverjum ástæðum. Einnig er vinna á norður svæðinu en vinnan hefur farið hægar af stað og ekki hefur verið nógu góð mæting. Einn fundur hefur farið fram en vinna er hafin í undirhópum, annars vegar hópur sem ætlar að skoða vinsæla ferðamannastaði og hætturnar hjá þeim og hins vegar hópur sem hefur hafið störf og varðar Seyðisfjörð. Ennþá er ekki hafin vinna vegna gróðurelda.

4. Upplýsingaspjöldum dreift fyrir hálfum mánuði á Eskifirði og í Neskaupstað.
   a. Landsbjörg tók að sér dreifinguna, Skv. SHOZ er lokið að bera í hús á Norðfirði en eftir nokkur hús á Eskifirði og þau munu klára þetta fljótlega og senda reikning fyrir áramót á almannavarnarnefndina.

5. Mögulegt Öskjugos, framh.
   a. Aðgerðastjórn var virkjuð 9. nóv. vegna óvissustigs í Öskju sem lýst var yfir fyrir nokkru, -

i. Fundað var með Veðurstofu í kjölfarið og verður það gert reglulega á næstunni.
ii. Fjarðabyggð og Múlaþing ráða ráðum sínum og boða til fundar fljótlega með sveitarfélögunum á svæðinu til að stilla strengi. Ekki er búið að boða fund en ákveðið er að Fjarðarbyggð taki frumkvæðið í þessu máli og boði fund með sveitarfélögunum á svæðinu.

6. Norðfjarðargöng, lokun þeirra, - ráðstafanir í kjölfarið, - framh.
   a. Aðgerðastjórn verður virkjuð hér eftir um leið og göngin lokast, unnið er að því að breyta áætlunum til samræmis við þetta. (Sjá einnig lið 3a)

7. Aðgerðastjórn á Austurlandi, framh.
   a. Húsakynni aðgerðastjórnar, - hvar ?
      i. Umræður um þetta. Mat fundarmanna að eðlilegt sé miðað við aðstæður á Austurlandi að stjórnstöðvar séu tvær, annarsvegar á Héraði og hinsvegar í Fjarðabyggð.
         1. SHOZ og SV skoða möguleika á húsnæði í Fjarðabyggð miðað við grófa þarfagreiningu. Þær aðstöður sem til eru teljast varla nógu stórar fyrir aðgerðarstjórn. Munu vinna þetta frekar fyrir næsta fund.
         2. Á síðasta fundi var ákveðið að BI, ÓGÓ, IBE skoði á Héraði hvort þar kunni að leynast hentugt húsnæði annað en Björgunarsveitarhúsið. Óðinn ætlar að ræða þetta frekar við lykilfólk og koma með hugmyndir. Umræða um að gera minnisblað annars vegar fyrir staðsetningu í Fjarðarbyggð og síðan aðstöðuna á Egilsstöðum. Fundarmenn sammála um að greiða reikninginn sem kom frá Björgunarsveitinni á Egilsstöðum um aðstöðuna vegna skriðanna á Seyðisfirði um síðustu jól.
         3. Mikilvægt í þessari vinnu að hafa í huga hvar mannskapurinn er sem mun vinna í aðgerðarstjórn.

8. Önnur mál
   a. Símasamband í Fljótsdalshrepp hafa ekki gengið nógu vel, nú er búið að setja upp þrjá nýja senda í samstarfi við Neyðarlínuna og sambandið hefur batnað eitthvað. Vandinn snýst að nokkru um vandamál milli símafyrirtækja. HG finnst að mætti taka þetta upp á vettvangi almannavarna. Þetta er ekki eins dæmi. Umræða um að láta almannvarnadeild ríkislögreglustjóra vita af þessu og mun HG senda upplýsingar um þetta. Lögreglan mun síðan vekja athygli almannvarnardeild á þessu svo og á því að víða skortir upp á fjarskipti landsbyggðinni.

9. Næsti fundur verður haldinn 24. janúar 2022 klukkan 14:00

Fundi slitið klukkan 15:00
Fundagerð ritaði MMS

# Fundur Almannavarnarnefndar Austurlands

**Dags og tími,** 24. jan. 2022, fundur 1/2022 og haldinn á teams klukkan 14:00

**Fulltrúar í almannavarnarnefnd eru:**

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn
Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings
Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps, boðaði forföll
Sigurjón Valmundsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands,
Helgi Gíslason, sveitarstjóri, Fljótsdalshrepps
Sveinn Halldór Oddsson Zoéga, Landsbjörg á Austurlandi.

**Mættir:**

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings
Ingvar Birki Einarsson fyrir hönd slökkvilið Brunavarna Austurlands,
Sveinn Halldór Oddsson Zoéga, Landsbjörg á Austurlandi.

**Dagskrá fundar:**

Fundur settur og fundarmenn boðnir velkomnir

1. Fundargerð frá 18. des. var lögð fram og var hún samþykkt.

2. Ársreikningur verður afhentur fyrir næsta fund. Er í vinnslu og hefur ekkert verið borgað út af honum á árinu.

3. Rafmagnsleysi í óveðri – Hver kortleggur í sínum ranni, - Framh.
    a. JBH ræðir við Rarik og fylgir málinu eftir í samstarfi við forstjóra Rarik, - tíðindi þar?
        i. Málinu frestað þar sem að Jón Björn er ekki mættur.

4. Helstu tíðindi af vinnuhópum almannavarnanefndar, hver eru næstu skref, æfingar o.fl.?
    a. Norðfjarðargöng?
    b. Ferðamannastaðir?
    c. Vinna er í gangi og ætlunin að freista þess að skapa meiri festu í starfsemina, formleg dagskrá til að mynda send út fyrir fundi og fundartímar ákveðnir fastir á tilteknu tímabili.

5. Mögulegt Öskjugos, fundur nýverið með Veðurstofu, - kynnt. - Framh.
    a. Fundur var með Veðurstofu nýlega og næsti fundur haldinn í byrjun mars. Engin sérstök tíðindi eru en áfram fylgst með stöðunni. Landris er á svæðinu sem hefur ekki verið fram að þessu, var frekar landsig. Óljóst hvað þetta þýðir en fylgst er með.

6. Aðgerðastjórn á Austurlandi, - húsakynni aðgerðastjórnar, - Framh.
    a. Umræða var um í hvaða umhverfi við erum komin í. Á að leita að húsnæði eða virkja það sem nú er og hefur virkað ágætlega í faraldrinum. Umræða um að láta á

b. tæknilausnir reyna. Þarf að hafa fleiri kosti í umræðunni. Fjarfundarbúnaður, sýndarveruleiki mögulega og fleira.
c. Múlaþing ætlaði að skoða húsnæðismál hjá sér en niðurstaða liggur ekki fyrir. Sama á við um Fjarðabyggð.
d. Umræða um að þetta sé dreifður hópur á svæðinu sem kemur saman þegar stærri máli eru í gangi. Því þarf að leita nýrra lausna.
e. Freista þess að fá almannavarnadeild rls til að setja upp æfingu þar sem reynir á slíka „rafræna" aðgerðastjórn. Lögreglan kannar þennan möguleika.

7. Símasamband í Fljótsdalshreppi, - HG skoðar. Framh.
    a. Frestum til næsta fundar.

8. Önnur mál
    a. Engin

9. Næsti fundur haldinn mánudaginn 28. feb. klukkan 14:00..

Fundi slitið klukkan 14:30
Fundagerð ritaði MMS

LÖGREGLUSTJÓRINN Á AUSTURLANDI

**Fundur aðgerðastjórnar á Austurlandi vegna slæmrar veðurspár fyrir landið allt.**

**Dags. 21.02.2022**

**Stóð frá 13:40 til um 14:10.**

**Boðaðir á fundinn:** Björn Ingimarsson (bjorni@egilsstadir.is); fljótsdalur Helgi (fljotsdalshreppur@fljotsdalur.is); Haraldur Geir Eðvaldsson <halli@brunavarnir.is>; helgi@fljotsdalur.is; Jón Björn Hákonarson <jon.b.hakonarson@fjardabyggd.is>; Margrét María Sigurðardóttir (mms01@logreglan.is); Sara Elísabet Svansdóttir (saras@vfh.is); Sigurjón Valmundsson (sigurjon.valmundsson@fjardabyggd.is); Sveinn Halldór Oddsson Zoëga <svenni@gerpir.is>; Pétur Heimisson (petur@hsa.is); Sveinn Sveinsson - VG <sveinn.sveinsson@vegagerdin.is>; Sölvi Jónsson (solvijons@gmail.com); Emelía Ósk Sveinsdóttir (emmaosk@gmail.com); Hjalti Bergmar Axelsson <hjaltiberg@logreglan.is>; Þórhallur Árnason <thorhallur.arnason@logreglan.is>; Björn Ingimarsson <bjorn.ingimarsson@mulathing.is>; Pétur Heimisson - HSA <petur.heimisson@hsa.is>; Guðjón Hauksson - HSA <gudjon.hauksson@hsa.is>; Davíð Örn Auðbergsson <david.orn@logreglan.is>; Sigfríð Margrét Bjarnadóttir <sigfrid@logreglan.is>; Fljótsdalshreppur Végarði <fljotsdalshreppur@fljotsdalshreppur.com>; sveinnh@gmail.com; indim61@gmail.com

1. <u>Farið yfir helstu atriði er fram komu á fundi Almannavarnadeildar í morgun (KÓG)</u>
   a. Veðurspá
      i. Gert ráð fyrir ofankomu en ekki sem hætta stafar af á Austurlandi, svo sem vegna snjóflóðahættu umfram það sem þegar hefur verið gefið út eða skriðuhættu, svo sem á Seyðisfirði
   b. Umferð
      i. Ekkert ferðaveður meðan veðrið gengur yfir, - lokanir Vegagerðar
      ii. Lokunarplan komið, - Frekari upplýsingar | Vegagerðin (vegagerdin.is)
   c. Rafmagn
      i. Óvissutíð, getur farið af á Austurlandi sem á öðrum fjórðungum
   d. Áhlaðandi, hafnir
      i. Ekki gert ráð fyrir áhlaðandi svo til hættu horfi

2. <u>Vangaveltur – atriði sem komu til skoðunar þann 7. febrúar sl. (Sjá og lið 3 hér að neðan.)</u>
      i. Lokun skóla í fyrramálið, - hvað með tómstundastarf?
      ii. Ábendingar til fyrirtækja/stofnana varðandi mannahald sökum ófærðar
      iii. Viðbúnaður hafna

3. Næstu skref
   a. Vegagerð (SS)
      i. Lokunaráætlunin kynnt
      ii. Tekin ákvörðun um aðgerðir þegar líður á daginn
   b. Landsbjörg (SHOZ)
      i. Enginn sérstakur viðbúnaður, - eru ávallt á óvissustigi og tilbúin ef kallið kemur
   c. Sveitarfélögin
      i. Fjarðabyggð (JBH)
         1. Hafnarverðir varaðir við
         2. Tilkynning send til foreldra, biðja um að fylgjast vel með tilkynningu í fyrramálið um klukkan 07:00.
         3. Hafa samband við Alcoa og árétta erfiða færð um Fagradal sem gæti kallað á aðgerðir af hálfu bræðslunnar til að tryggja mönnun
      ii. Múlaþing (BI)
         1. Ekki gripið til neinna aðgerða
         2. Hætt við fyrirhugaðan íbúafund á Djúpavogi sem átti að vera í kvöld
         3. Yfirfarið með fræðslustjóra á eftir varðandi skólastarf í fyrramálið, verður kynnt í fyrramálið ef skólastarf fellur niður
      iii. Vopnafjörður (SES)
         1. Ekkert sérstakt, munu senda upplýsingar á foreldra í fyrramálið ef skólastarf fellur niður
      iv. Fljótsdalshreppur (HG)
         1. Víðivallabæir í utan- og austanverðum Suðurdal hafa lent í foktjóni við svipaðar aðstæður í veðri
            a. Munu hringja í íbúa sem gætu lent í slíku og vara við veðrinu
   d. HSA (PH)
      i. Ekki sérstök viðbrögð að svo komnu, - skoða hvort ástæða sé til viðbragða til að tryggja mönnun
      ii. Viðbúnir rafmagnsleysi ef til þess kemur
   e. Rauði krossinn (EÓS)
      i. Tilbúin ef kallið kemur
   f. Lögregla (KÓG)
      i. Tilbúin

4. Fréttatilkynning, - kynning til íbúa, hvatning til varkárni
   a. Fylgjast vel með veðurspá og upplýsingum um færð á vegum og lokanir, - ekkert ferðaveður á Austurlandi frá því í kvöld og til fyrramáls
   b. Foreldra og forráðamenn fylgist tíðindum af skólastarfi í fyrramálið
   c. Gæta að lausamunum

5. Boðað til annars fundar ef þörf krefur.

# Fundur Almannavarnarnefndar Austurlands

**Dags og tími,** 28. feb. 2022, fundur 2/2022 og haldinn á teams klukkan 14:00

**Fulltrúar í almannavarnarnefnd eru:**

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn
Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings
Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps, boðaði forföll
Sigurjón Valmundsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands,
Helgi Gíslason, sveitarstjóri, Fljótsdalshrepps
Sveinn Halldór Oddsson Zoéga, Landsbjörg á Austurlandi.

**Mættir:**

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn
Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings
Sigurjón Valmundsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Helgi Gíslason, sveitarstjóri, Fljótsdalshrepps
Sveinn Halldór Oddsson Zoéga, Landsbjörg á Austurlandi.

**Dagskrá fundar:**

Fundur settur og fundarmenn boðnir velkomnir

1. Fundargerð frá 24. jan. lögð fram og var hún samþykkt.

2. Ársreikningur var sendur út fyrir fundinn og var hann samþykktur. Hann verður sendur út rafrænt til undirritunar.

3. Rafmagnsleysi í óveðri – Hver kortleggur í sínum ranni, - Framh.
   a. JBH ræðir við Rarik og fylgir málinu eftir í samstarfi við forstjóra Rarik, - tíðindi þar?
4. Rætt var um að nú er komið mun meira af varaafli til landsins og munu færðar eftir því sem þörf er á. Umræða um að fá forstjóra Rarik eða annan starfsmenn Rarik á fund með okkar. JBH sér um að boða viðkomanda.

5. Helstu tíðindi af vinnuhópum almannavarnanefndar, hver eru næstu skref, æfingar o.fl.?
   a. Sjá síðustu fundargerðir hópanna.
   b. Fundargerð frá fundi hópanna var send út til nefndarmanna.
   c. Á fjörðunum er hafið samtal við ýmsa aðila um þessi mál.
   d. Á Héraði er búið að búa til fleiri undirhópa undir yfirhópnum sem vinna sérstaklega.

6. Verkefni almannavarna milli funda, - veður / COVID
   a. Hvernig hefur til tekist að mati nefndarinnar?
   b. Umræðan um að hafi gengið mjög vel vegna veðurs og búið að vera gott upplýsingaflæði og reglulegir. Hafa verið mjög upplýsandi fundir.
   c. Ekki var talið þörf á að ræða um COVID á fundinum.

7. Mögulegt Öskjugos, fundur nýverið með Veðurstofu, - kynnt. - Framh.
   a. Næsti fundur með Veðurstofu 10. mars nk. kl. 10:00.

8. Aðgerðastjórn á Austurlandi, - húsakynni aðgerðastjórnar, - Framh.
   a. Fjarðabyggð skoðar möguleika á húsnæði þar (JBH/SV/SHOZ)
   b. Enn hefur ekki tekist að ná að funda saman en það stendur til. Þá var og rætt um rafrænar lausnir fyrir aðgerðastjórn, einskonar sýndarveruleiki sem kæmi í stað aðgerðastjórnarrýmis.

   c. Múlaþing skoðar möguleika á húsnæði þar (BI).
   d. Er verið að ræða um sameiginlegt rými fyrir slökkvið og björgunarsveit. Finnst ekki vera pressa á þessu og vilja skoða þetta betur.

   e. Verið að kanna möguleikann á rafrænum lausnum (KÓG/SHOZ)
   f. Umræða var um þennan lið og hvort þetta hentaði eða ekki. Meðal annars var rætt um að vettvangstjórnirnar þurfa að vera með lágmarksbúnað svo sem net og fleiri búnað. Á það einnig við um björgunarsveitahúsnæði. Umræða var um að skoða þær lausnir sem til eru og hvað hentar. Umræða um öryggismál í þessu sambandi. Mun kannski ekki henta eins vel þegar um flóknari aðgerðir er að ræða eins og var á Seyðisfirði í hamförunum. Hluti af Seyðisfjarðaraðgerðinni voru unnar með rafrænum hætti eins og stöðufundur með vettvangsstjórn og fleira. Fundarmenn almennt sammála um að mjög skilvirkt sé að funda með þessum hætti. Framkvæmdarhlutinn leysist kannski ekki með þessum hætti. Geta verið viðkvæm gögn sem verið er að vinna með og ekki hægt að deila með öðrum sem þarf að hafa í huga. Netið getur líka dottið út. Hægt að setja á fót hóp um þetta. Umræða um að setja eitthvað á blað og tók SHZ að byrja á þessari vinnu og kemur með tíðindi um þennan lið á næsta fund og óskar eftir tilnefningum ef við höfum slíkt fólk. Búið að viðra þessa hugmynd að rafrænni aðgerðastjórn við almannavarnardeild ríkislögreglustjóra. Þar er þessi möguleiki til skoðunar.

9. Símasamband í Fljótsdalshreppi, - HG skoðar. Framh. Helgi mun senda upplýsingar til lögreglustjóra sem mun koma þeim áfram á almannavarndeild ríkislögreglustjóra.

10. Önnur mál
    a. Umræða um mögulega kjarnorkuvá ef slíkt á sér stað í Evrópu þá mun það hafa mikil áhrif hér á landi.

11. Næsti fundur haldinn mánudaginn 28. mars nk. klukkan 14:00

Fundargerð ritaði Margrét María Sigurðardóttir
Fundi er slitið klukkan 14:50

LÖGREGLUSTJÓRINN Á AUSTURLANDI

# Fundur Almannavarnarnefndar Austurlands

**Dags og tími,** 25. apríl. 2022, fundur 3/2022 og haldinn á teams klukkan 14:00 – 15:00

**Fulltrúar í almannavarnarnefnd eru:**

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn
Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings
Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps, boðaði forföll
Sigurjón Valmundsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands,
Helgi Gíslason, sveitarstjóri, Fljótsdalshrepps
Sveinn Halldór Oddsson Zoéga, Landsbjörg á Austurlandi.

**Mættir:**

Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn
Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð
Óðinn Gunnar Óðinsson, varamaður BI í almannavarnanefnd
Helgi Gíslason, sveitarstjóri, Fljótsdalshrepps
Sveinn Halldór Oddsson Zoéga, Landsbjörg á Austurlandi.

**Dagskrá fundar:**

1. Fundur settur og fundarmenn boðnir velkomnir

2. Fundargerð frá 28 feb. lögð fram og samþykkt. Fundi sem fyrirhugaður í lok mars var frestað.

3. Ársreikningur ársins 2021 lagður fram til samþykktar.
    a. Ekki athugasemdir.
        i. Ársreikningurinn mun sendur fulltrúum í almannavarnanefnd til rafrænnar undirskriftar
    b. Rætt um upphæð til greiðslu fyrir þetta ár og fyrirkomulag.
        i. Ákvörðun frestað til næsta fundar.

4. Rafmagnsleysi í óveðri – Hver kortleggur í sínum ranni, - Framh.
    a. JBH ræðir við Rarik og fylgir málinu eftir í samstarfi við forstjóra Rarik, - tíðindi þar?
        i. Forstjóraskipti að verða hjá Rarik auk þess sem svo virðist sem Landsnet sé að taka við varaafli.
        ii. Jón Björn heldur þessu gangandi og mun boða Rarik til fundar við almannavarnanefnd við fyrsta mögulega tækifæri og mögulega Landsnet í kjölfarið, fáum þá að heyra hvar þetta verkefni nákvæmlega liggur.

5. Helstu tíðindi af vinnuhópum almannavarnanefndar, hver eru næstu skref, æfingar o.fl.?
    a. Sjá síðustu fundargerðir hópanna.
        i. Engar athugasemdir við skipulagið.
        ii. Kalla til fulltrúa vinnuhópanna á fund í haust, Hjalta og Þórhall.

6. Mögulegt Öskjugos, fundir með Veðurstofu, - kynnt. - Framh.
   a. Næsti fundur með Veðurstofu 5. maí nk. kl. 10
      i. Upplýsingar sendar vikulega til fundarmanna, tíðindi lítil.

7. Aðgerðastjórn á Austurlandi, - húsakynni aðgerðastjórnar, - Framh.
   a. SV, SHOZ og KÓG funduðu í síðustu viku um málefni og húsakynni aðgerðastjórnar. Lagt til að skipulag rafrænnar aðgerðastjórn verði sett á blað og kynnt nefndinni, hvernig útfærslan sé hugsuð og hvers vegna. Þá verði plan b ákveðið, sem er húsnæði bæði á fjörðum og á héraði sem þarf að vera til reiðu ef stærri mál koma upp sem taka lengri tíma, svo sem snjóflóð og skriðuföll.
      i. Samþykkt að halda áfram með þetta verkefni

8. Símasamband í Fljótsdalshreppi, - HG skoðar. Framh.
   a. Ábending farin til almannavarnadeildar RLS í samræmi við síðustu fundargerð

9. Símasamband almennt á svæðinu, á Fagradal til að mynda, út Fáskrúðsfjörð, í Hvalsnesskriðum, við Stöðvarfjörð og á fleiri stöðum, þykir ekki gott og ekki til þess fallið að auka öryggi og öryggistilfinningu íbúa.
   a. Er ástæða til að freista þess að kortleggja þessi svæði og vekja á þeim athygli?
      i. JBH skoðar í samráði Neyðarlínuna.

10. Fundargerðir almannavarnanefndar Austurlands á vefinn
    a. Kallað hefur verið eftir því að fundargerðir nefndarinnar verði gerðar aðgengilegar á vefnum. Stefnt að því að fundargerðir frá og með árinu 2020 fari á vef Almannavarnadeildar RLS sem tók að sér að setja þær þar inn.

11. Önnur mál
    a. Engin sérstök

12. Næsti fundur haldinn 27. júní kl. 14:00, - sveitarstjórnarkosningum þá lokið

Stjórn fundar og fundarritun, KÓG

LÖGREGLUSTJÓRINN Á AUSTURLANDI

# Fundur Almannavarnarnefndar Austurlands

**Dags og tími,** 27. júní 2022, fundur 4/2022 og haldinn á teams klukkan 14:00 – 15:00

**Fulltrúar í almannavarnarnefnd eru:**

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn
Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings
Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps,
Sigurjón Valmundsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands,
Helgi Gíslason/Kjartan Benediktsson, Fljótsdalshrepp
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, Landsbjörg á Austurlandi.

**Mættir:**

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn
Kjartan Benediktsson, Fljótsdalshrepp
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, Landsbjörg á Austurlandi.
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings
Sigurjón Valmundsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar og Jón Björn boðuðu forföll.

**Dagskrá fundar:**

Fundur settur og fundarmenn boðnir velkomnir. Margrét María Sigurðardóttir stjórnaði fundi og skrifaði fundargerð.

1. Fundargerð frá 25. apríl lögð fram og samþykkt.

2. Sveitastjórnarkosningar eru búnar og sveitastjórar búnir að endurnýja umboð sitt. Frá Fljótdalshrepp mætti Kjartan Benediktsson, Fljótsdalshreppi. Umræða um að samkvæmt samþykktum almannavarnarnefndar verður sveitastjóri að vera aðalfulltrúi í Almannavarnarnefnd Austurland en Kjartan getur verið varamaður hans og sótt fundi eftir þörfum. Kjartan ræðir þessi mál við Helga Gíslason sveitastjóra.

3. Ársreikningur ársins 2021 hefur verið samþykktur af öllum fundarmönnum með rafrænum hætti.

4. Rafmagnsleysi í óveðri – Hver kortleggur í sínum ranni, - . (Framhald síðasta fundar.)

    a. JBH ræðir við Rarik og fylgir málinu eftir í samstarfi við forstjóra Rarik, - tíðindi þar?
        i. Jón Björn heldur þessu gangandi og mun boða Rarik til fundar við almannavarnanefnd við fyrsta mögulega tækifæri og mögulega Landsnet í kjölfarið, fáum þá að heyra hvar þetta verkefni nákvæmlega liggur.
            1. Ekkert að frétta þar sem að Jón Björn er ekki mættur, þessum lið er því frestað.

5. Helstu tíðindi af vinnuhópum almannavarnanefndar, hver eru næstu skref, æfingar o.fl.?
    a. Sjá síðustu fundargerðir hópanna.

        i. Ákveðið að fulltrúa vinnuhópanna verði kallaðir á fund nefndarinnar í haust, það er annars vegar Hjalti B. Axelsson aðstoðaryfirlögregluþjónn og Þórhallur Árnason aðalvarðstjóri. Farið verður yfir hvernig gengur.
        ii. Umræða um að það þarf að skoða boðun fundanna og þá sérstaklega hjá hópnum á Héraði. Farið verður yfir þetta með aðstoðaryfirlögregluþjón.

6. Mögulegt Öskjugos, fundir með Veðurstofu, - kynnt. - . (Framhald síðasta fundar.)
    a. Næsti fundur með Veðurstofu fyrirhugaður í haust. Ekkert sérstakt að gerast. Mælarnir eru að komast aftur í gang og eru virkir. Það verður boðað til fundar ef þörf er á því.

7. Aðgerðastjórn á Austurlandi, - húsakynni aðgerðastjórnar, - (Framhald síðasta fundar.)
    a. SV, SHOZ og KÓG funduðu í apríl um málefni og húsakynni aðgerðastjórnar. Þá ákveðið að freista þess að setja á blað hvernig útfærslan sé hugsuð og hvers vegna.
        i. Drög að texta fyrirliggjandi var sendur út fyrir fundinn. Fundarmenn eru beðnir um að rýni textann og mynda sér skoðun á þessu fyrir næsta fund. Fundarmenn voru almennt ánægðir með samantektina.

8. Símasamband í Fljótsdalshreppi, - HG skoðar. (Framhald síðasta fundar.)
    a. Ábending farin til almannavarnadeildar RLS í samræmi við síðustu fundargerð.
        i. Skv. upplýsingum frá Víði Reynissyni yfirlögregluþjóni hjá almannavarnarndeild er kominn samningur milli símafyrirtækjanna sem á að tryggja betri dekkun á svæðinu, en víða vantar meira upp á á þessu sviði. Skv. fundarmanni kom fram að það hefur gengið heldur betur með símasambandið síðasta mánuð en þarf að skoða þetta betur.

9. Símasamband almennt á svæðinu, á Fagradal til að mynda, út Fáskrúðsfjörð, í Hvalsnesskriðum, við Stöðvarfjörð og á fleiri stöðum, þykir ekki gott og ekki til þess fallið að auka öryggi og öryggistilfinningu íbúa. (Framhald síðasta fundar.)
    a. Er ástæða til að freista þess að kortleggja þessi svæði og vekja á þeim athygli?
        i. Umræða um að kortleggja þetta svæði og safna því saman á einum stað hvernig dekkun er á svæðinu. Ákveðið að setja undirhópana í þetta verkefni. Einnig umræða um að Sveinn Zoëga hefði samband við Neyðarlínuna og komi á framfæri áhyggjum almannavarnarnefndar og þá sérstaklega vegna aðstæðna við Stuðlagil þar sem samband er lélegt og við Hengifoss.

10. Fundargerðir almannavarnanefndar Austurlands á vefinn, - . (Framhald síðasta fundar.)
    a. Kallað hefur verið eftir því að fundargerðir nefndarinnar verði gerðar aðgengilegar á vefnum. Stefnt að því að fundargerðir frá og með árinu 2020 fari á vef Almannavarnadeildar RLS sem tók að sér að setja þær þar inn.
        i. Hver er staða þessa? Lögreglustjóri hefur samband og fylgir þessu eftir.

11. Önnur mál
    a. Umræða um að brýnt sé að aðalmenn boði varamenn á fundina ef þeir geta ekki mætt.
    b. Umræða frá fulltrúa Fljótsdalshéraðs um málþing sem hann sótti í Eistlandi en þar var farið yfir viðbrögð með gróðureldum. Þar voru góðar hugmyndir ræddar svo sem að vera með háþrýstivatnsdælu sem fyrsta viðbragð og hefur reynst mjög vel erlendis að hafa slíkan búnað. Rætt var um að það þurfi að vera frekari og opin umræða um þessi mál.
        i. Skoðað hvernig það megi best gera enda máli brýnt á Austurlandi og þá sér í lagi á Héraði og í Fljótsdal.

12. Næsti fundur haldinn 5. sept. klukkan 14:00.

Fundi slitið klukkan 14:40.

LÖGREGLUSTJÓRINN Á AUSTURLANDI

# Fundur Almannavarnarnefndar Austurlands

**Dags og tími,** 21. júlí 2022, fundur 5/2022 og haldinn á teams klukkan 14:00.

**Fulltrúar í almannavarnarnefnd eru:**

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn
Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings
Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps, boðaði forföll
Sigurjón Valmundsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands,
Helgi Gíslason, Fljótsdalshrepp,
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, Landsbjörg á Austurlandi.

**Mættir:**

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn
Lárus Heiðarsson fyrir hönd Fljótsdalshrepps
Guðjón Már Jónsson mætir fyrir hönd Landsbjargar á Austurlandi.
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings
Sigurjón Valmundsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands
Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð

**Dagskrá fundar:**

Fundur settur og fundarmenn boðnir velkomnir. Margrét María Sigurðardóttir stjórnaði fundi og skrifaði fundargerð.

1. Ákveðið var að boða til aukafundar út af skriðu/vatnsflaumi sem kom upp í Fjarðarselsvirkjun
    a. á Seyðisfirði. Rör/múffa gaf sig að sögn eigenda. Þetta hefur gerst tvisvar áður a.m.k.. Ákveðið var, þar sem að ekki er vitað nóg um þetta mál, að boða aukafund í almannavarnarnefnd og ræða það frekar þar sem hættuástand hefur/getur skapast með skemmdum m.a. á mannvirkjum. Virkjunin er í einkaeigu. Sveitarstjóri Múlaþings hefur beint því til heimastjórnar Seyðisfjarðar að fjalla um þetta mál og óska eftir nánari upplýsingum frá rekstraraðila. Eðlilegt er að gera úttekt á þessu. Umræða hefur verið á Seyðisfirði að gera áhættumat á pípunni og á lóninu þar fyrir ofan. Fundarmenn sammála þeirri nálgun. Umræða var einnig um hvað myndi geta gerst ef þetta gerðist t.d. að nóttu til. Einnig ef aur fer í ánna þá getur það haft áhrif á vatnsból á Seyðisfirði. Fundarmenn tóku undir að klókt sé að nýta þetta tækifæri skoða hvað er að gerast þarna. Þá var umræða um að brýnt sé að vanda sig í fréttatilkynningum og forðast að nota orðið aurskriða í þessu sambandi út af því sem áður hefur gerst á Seyðisfirði.

    b. Haldið verður áfram með þetta mál á næsta reglulega fundi almannavarnarnefndar.

2. Önnur mál: Engin mál voru rædd.

Næsti fundur haldinn 5. sept. klukkan 14:00. Fundi slitið klukkan 13:20

LÖGREGLUSTJÓRINN Á AUSTURLANDI

# Fundur Almannavarnarnefndar Austurlands

**Dags og tími,** 5. sept. 2022, fundur 6/2022 og haldinn á teams klukkan 14:00 – 15:10

**Fulltrúar í almannavarnarnefnd eru:**

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn
Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings
Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps,
Sigurjón Valmundsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands,
Helgi Gíslason/Kjartan Benediktsson, Fljótsdalshrepp
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, Landsbjörg á Austurlandi.

**Mættir:**

Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn
Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð
Óðinn Gunnar Óðinsson, skrifstofustjóri Múlaþings. (Varamaður.)
Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps,
Sigurjón Valmundsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands,
Helgi Gíslason, Fljótsdalshrepp
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, Landsbjörg á Austurlandi.

Forföll boðuðu Margrét María og Björn Ingimarsson.

Einnig sátu á fundinum Hjalti Bergmar Axelsson aðstyfirlögregluþjónn og Þórhallur Árnason aðalvarðstjóri undir lið 3.

KÓG stýrði fundi og ritar fundargerð.

**Dagskrá fundar:**

Fundur settur og fundarmenn boðnir velkomnir.

1. Fundargerðir frá 27. júní / 21. júlí lagðar fram til samþykktar.
    a. Engar athugasemdir.

2. Rafmagnsleysi í óveðri – (Framhald síðasta fundar.)
    a. JBH ræðir við Rarik og fylgir málinu eftir í samstarfi við forstjóra Rarik, - tíðindi þar?
        i. Sjá fundargerð síðasta fundar: Jón Björn heldur þessu gangandi og mun boða Rarik til fundar við almannavarnanefnd við fyrsta mögulega tækifæri og mögulega Landsnet í kjölfarið, fáum þá að heyra hvar þetta verkefni nákvæmlega liggur.
            1. Verða boðaðir á næsta fund almannavarnanefndar, 3. okt. (JBH)

3. Helstu tíðindi af vinnuhópum almannavarnanefndar

- i. Hjalti Bergmar Axelsson aðstoðaryfirlögregluþjónn og Þórhallur Árnason aðalvarðstjóri mæta á fundinn undir þessum lið og kynna starf hópanna, hvernig hefur gengið og hvað er framundan.
    1. Múlaþing (HBA)
        - a. Sex fundir verið haldnir frá stofnun þeirra, - fámennt heldur á fundunum nokkrum. Helstu verkefni/tíðindi -
            - i. Stuðlað að því að endurvarpi verði settur upp og tengist Stuðlagili
            - ii. Snertifundir fyrirhugaðir á næstunni, í sept.
                1. Línur þá lagðar fyrir komandi vetur
                    - a. Skrifborðsæfing stendur fyrir dyrum, fjarskiptaæfing.
            - iii. Varðstjóraskipti nýlega og verið að koma nýjum varðstjóra inn í hlutverk almannavarna
            - iv. Æfing fyrirhuguð hjá norðurlandi eystra sem okkur er boðið að sækja
                1. Kynnt
            - v. Starfsemi hópsins gengið ágætlega þrátt fyrir allt og ástæða til að halda áfram með þetta skipulag
    2. Fjarðabyggð (ÞÁ)
        - a. Sex fundir haldnir frá stofnun þeirra, ágæt mæting og góðir fundir. Helstu verkefni/tíðindi ,
            - i. Kynning verið á búnaði og skipulagi Norðfjarðaganga af hálfu Vegagerðar
            - ii. Æfing fyrirhuguð, - lokun jarðganga
            - iii. Starfsemi hópsins gengið ágætlega og ástæða til að halda áfram með þetta skipulag

4. Mögulegt Öskjugos, fundir með Veðurstofu, - kynnt. - . (Framhald síðasta fundar.)
    - a. Næsti fundur með Veðurstofu fyrirhugaður seinnipartinn í september.
        - i. Engin sérstök tíðindi þarna.

5. Aðgerðastjórn á Austurlandi, - húsakynni aðgerðastjórnar, - (Framhald síðasta fundar.)
    - a. SV, SHOZ og KÓG funduðu í apríl um málefni og húsakynni aðgerðastjórnar. Þá ákveðið að freista þess að setja á blað hvernig útfærslan sé hugsuð og hvers vegna.
        - i. Drög að texta var sendur út fyrir síðasta fund almannavarnanefndar, - farið yfir þann texta og hann metinn.
            1. Stefnt að fundi þar sem nefndin hittist í raunheimum og ræðir framtíðarskipulag. (19.09 kl. 14:00)

6. Símasamband í Fljótsdalshreppi, - HG skoðar. (Framhald síðasta fundar.)
    - a. Ábending farin til almannavarnadeildar RLS í samræmi við síðustu fundargerð.
        - i. Sjá fundargerð síðasta fundar: „Skv. upplýsingum frá Víði Reynissyni yfirlögregluþjóni hjá almannavarnarndeild er kominn samningur milli símafyrirtækjanna sem á að tryggja betri dekkun á svæðinu, en víða vantar meira upp á á þessu sviði. Skv. fundarmanni kom fram að það hefur gengið heldur betur með símasambandið síðasta mánuð en þarf að skoða þetta betur.“
            1. Eitthvað nýtt að frétta þarna?
                - a. Hefur batnað, þrjár stöðvar sem virðast nú virka prýðilega þannig að staðan er ágæt. (HG)

b. Hengifosssvæðið verið í betra lagi nýverið.

7. Símasamband almennt á svæðinu, á Fagradal til að mynda, út Fáskrúðsfjörð, í Hvalsnesskriðum, við Stöðvarfjörð og á fleiri stöðum, þykir ekki gott og ekki til þess fallið að auka öryggi og öryggistilfinningu íbúa. (Framhald síðasta fundar.)
    a. Er ástæða til að freista þess að kortleggja þessi svæði og vekja á þeim athygli?
        i. Sjá fundargerð síðasta fundar: „Umræða um að kortleggja þetta svæði og safna því saman á einum stað hvernig dekkun er á svæðinu. Ákveðið að setja undirhópana í þetta verkefni. Einnig umræða um að Sveinn Zoëga hefði samband við Neyðarlínuna og komi á framfæri áhyggjum almannavarnarnefndar og þá sérstaklega vegna aðstæðna við Stuðlagil þar sem samband er lélegt og við Hengifoss.“
            1. Tíðindi þarna?
                a. Sveinn sendi erindi á Neyðarlínu og Fjarskiptastofu. Fékk svar frá Fjarskiptastofu þar sem viðurkennt var að staðan á stöku stað væri ekki nægjanlega góð.
                    i. Fjarskiptastofa benti á Fjarskiptasjóð.
                        1. Sveinn kallar eftir mælingum Fjarskiptastofu með það að markmiði að almannavarnanefnd fái þá upplýsingar um það hvar hvar skórinn kreppir, - ákvörðun svo tekin um framhaldið í kjölfar þeirra upplýsinga.
                        2. Óðinn kannar hvernig Fjarskiptasjóður stendur varðandi möguleika á lagfæringum.

8. Fundargerðir almannavarnanefndar Austurlands á vefinn, - . (Framhald síðasta fundar.)
        i. Hver er staðan á þessu verkefni? (MMS)
            1. Fundargerðir komnar á vefinn. Kynnt.
                a. https://www.almannavarnir.is/almannavarnir/almannavarnarnendir/

9. Viðbrögð við gróðureldum sbr. fundargerð síðasta fundar, önnur mál.
    a. Einhver tíðindi þarna?
        i. Engin tíðindi þarna, - verið að rýna áætlun frá Skorradal um efnið. (HG/HBA)

10. Fjarðarselsvirkjun á Seyðisfirði, múffa gefur sig. (Sjá fundargerð frá 21.07.)
    a. Tíðindi þarna?
        i. Verður rætt betur á næsta fundi, ekki vitað nákvæmlega hver staða þessa máls er.

11. Önnur mál
    a. Verið að ljúka við að setja göngubrýr yfir gilið við Hengifoss og ætti að auðvelda björgun úr gilinu, sér í lagi þegar stígur er kominn sem ráðgert er að leggja að brúnum báðum. (HG)

12. Næstu fundir:
    a. Næsti hefðbundni fundur almannavarnanefndar haldinn 3. okt. klukkan 14:00.
    b. Sérfundur fyrirhugaður þann 19.09 kl. 14 þar sem liður 5 hér að ofan verður ræddur betur og þess freistað að komast að niðurstöðu varðandi næstu skref. (Sjá meðfylgjandi texta.)

LÖGREGLUSTJÓRINN Á AUSTURLANDI

# Fundur Almannavarnarnefndar Austurlands

**Dags og tími,** 19. sept. 2022, fundur 7/2022 og haldinn á slökkvistöð Fjarðabyggðar að Mjóeyri.

Fundur hófst kl. 14 og stóð til kl. 15:00.

**Fulltrúar í almannavarnarnefnd eru:**

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri - formaður
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn - varaformaður
Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings
Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps,
Sigurjón Valmundsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands,
Helgi Gíslason, Fljótsdalshrepp
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, Landsbjörg á Austurlandi.

**Mættir:**

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn
Óðinn Gunnar Óðinsson, skrifstofustjóri Múlaþings. (Varamaður.)
Sigurjón Valmundsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands,
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, Landsbjörg á Austurlandi.

Þá sat varaslökkviliðsstjóri í Fjarðabyggð fundinn sem áheyrnafulltrúi, Sigurfinnur Líndal.

Forföll boðuðu Jón Björn Hákonarson, Björn Ingimarsson, Sara Elísabet Svansdóttir og Helgi Gíslason.

KÓG stýrði fundi og ritar fundargerð.

**Dagskrá fundar:**

Fundur settur og fundarmenn boðnir velkomnir.

1. KÓG reifaði stuttlega skjal sem kynnt var á síðasta fundi almannavarnanefndar, „Stjórnstöð aðgerðastjórnar á Austurlandi, staðsetning – skipulag“, aðdraganda þess og helstu niðurstöðu.
    a. Sjá tölulið 5 í síðustu fundargerð almannavarnanefndar sem hljóðar svo:
        i. „Aðgerðastjórn á Austurlandi, - húsakynni aðgerðastjórnar, - (Framhald síðasta fundar.)
            1. SV, SHOZ og KÓG funduðu í apríl um málefni og húsakynni aðgerðastjórnar. Þá ákveðið að freista þess að setja á blað hvernig útfærslan sé hugsuð og hvers vegna.
                a. Drög að texta var sendur út fyrir síðasta fund almannavarnanefndar, - farið yfir þann texta og hann metinn.
                    i. Stefnt að fundi þar sem nefndin hittist í raunheimum og ræðir framtíðarskipulag. (19.09 kl. 14:00)

b. Sérfundur fyrirhugaður þann 19.09 kl. 14 þar sem liður 5 hér að ofan verður ræddur betur og þess freistað að komast að niðurstöðu varðandi næstu skref. (Sjá meðfylgjandi texta.)“

c. Fundarmenn ræddu skjalið og lýstu sig allir sammála því sem þar kom fram og að stefna beri að því sem þar er lagt til.
    i. Ákveðið að bæta einum kafla við skjalið er fjallar um það hver ber kostnað af aðgerðum. Hann má finna á bls. 8 í meðfylgjandi skjali sem dagsett er 19.09.2022.
        1. (Skjalið var sent fundarmönnum í kjölfar fundarins og samþykktu allir breytinguna er þar var gerð og staðfestu með tölvupósti.)

d. Ákveðið að bíða næsta fundar almannavarnanefndar, sem verður eftir hálfan mánuð, og þá stefnt að því að skipa í stýrihóp í samræmi texta skjalsins, kafla „Annað“ á bls. 8.

e. Þá mun lögreglustjóraembættið fara í að kynna þessa ákvörðun almannavarnanefndar Austurlands til almannavarnadeildar RLS og fá viðhorf þar. SHOZ mun og fara í svipaða vinnu í sínum ranni.

# Fundur Almannavarnarnefndar Austurlands

**Dags og tími,** 03.10.2022, fundur 8/2022, haldinn á Teams.

Fundur hófst kl. 14 og stóð til kl. 15:30.

**Fulltrúar í almannavarnarnefnd eru:**

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri - formaður
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn - varaformaður
Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings
Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps,
Sigurjón Valmundsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands,
Helgi Gíslason, Fljótsdalshrepp
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, Landsbjörg á Austurlandi.

**Mættir:**

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn
Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings
Sigurjón Valmundsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands,
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, Landsbjörg á Austurlandi.

Komust ekki á fundinn/forföll; Sara Elísabet Svansdóttir og Helgi Gíslason.

KÓG stýrði fundi og ritar fundargerð.

1. **Dagskrá fundar:**
2. Fundargerðir frá 5. og 19. sept. lagðar fram til samþykktar.
    a. Samþykktar

3. Rafmagnsleysi í óveðri – (Framhald síðasta fundar.)
    a. Fundur verður haldinn á fimmtudag nk. fyrir hádegi, með Landsneti og Rarik.
        i. JBH boðar um leið og staðfesting liggur fyrir um fundartíma.

4. Mögulegt Öskjugos (Framhald síðasta fundar.)
    a. Farið yfir tíðindi af síðasta fundi með Veðurstofu (KÓG)
        i. Lítið að frétta. Fundur boðaður á tveggja mánaða fresti út þetta ár og það næsta, þannig að allir verði upplýstir þegar/ef til tíðinda dregur.

5. Aðgerðastjórn á Austurlandi, - húsakynni aðgerðastjórnar, - (Framhald síðasta fundar.)
    a. Sjá fund og fundargerð frá 19. sept.

- i. Handbók aðgerðastjórna gefin út af almannavarnadeild RLS í drögum og kynnt í byrjun september. Þar er rafrænna aðgerðastjórna hvergi getið.
  1. Heimild gefin lögreglu, af hálfu almannavarnanefndar, til að gera athugasemdir við handbókina vegna þessa
- ii. Stofnun stýrihóps í samræmi við skýrslu frá 19.09.2022 um „Stjórnstöð aðgerðastjórnar á Austurlandi, - Staðsetning og skipulag.“ Þar segir m.a.:
  1. „Verklagið skal hefjast með formlegum hætti við undirritun þessa skjals. Skipaður verði stýrihópur sem hefur það hlutverk að halda utan um verkefnið og takast á við þær áskoranir sem því fylgja. Hópurinn hefji störf eigi síðar en viku eftir undirritun skjals þessa og tryggir að fundargerðir séu haldnar og almannavarnanefnd upplýst reglulega um stöðuna. Gert er ráð fyrir að húsakynni á Egilsstöðum og á Mjóeyri verði fullbúin í samræmi við þarfagreiningu eigi síðar en þremur mánuðum eftir undirritun skjals þessa Skipulag/skjal það sem hér er kynnt mun rýnt og endurskoðað af almannavarnanefnd Austurlands eigi síðar en ári eftir undirritun.“
     a. Til stendur að kynna fyrirkomulag aðgerðastjórnar í samræmi við skýrsluna, sem samþykkt hefur verið af almannavarnanefnd, til almannavarnadeildar RLS. Í kjölfar þess verði stýrihópurinn skipaður.

6. Símasamband á svæðinu, á Fagradal til að mynda, út Fáskrúðsfjörð, í Hvalsnesskriðum, við Stöðvarfjörð og á fleiri stöðum, þykir ekki gott og ekki til þess fallið að auka öryggi og öryggistilfinningu íbúa. (Framhald síðasta fundar.)
   a. Er ástæða til að freista þess að kortleggja þessi svæði og vekja á þeim athygli?
      1. Sveinn kallar eftir mælingum Fjarskiptastofu með það að markmiði að almannavarnanefnd fái þá upplýsingar um það hvar hvar skórinn kreppir, - ákvörðun svo tekin um framhaldið í kjölfar þeirra upplýsinga.
      2. Mælingaferð áætluð af hálfu Fjarskiptastofu í september síðastliðnum. Ekki komin formleg staðfesting á niðurstöðu hennar.
         a. Sveinn áréttar og kannar hvort mælingaferðin hafi verið farin og hvenær vænta megi niðurstöðu.
            1. Óðinn kannar hvernig Fjarskiptasjóður stendur varðandi möguleika á lagfæringum.
      3. Í skoðun.

7. Viðbrögð við gróðureldum sbr. fundargerð síðasta fundar, önnur mál.
   a. Einhver tíðindi þarna?
      - i. Engin tíðindi þarna, - verið að rýna áætlun frá Skorradal um efnið. (HG/HBA)
        1. Enn unnið að þessu brýna verkefni.

8. Fjarðarselsvirkjun á Seyðisfirði, múffa gefur sig. (Sjá fundargerð frá síðasta fundi.)
   a. Tíðindi þarna?
      - i. Hitaveita og Fjarðarselsvirkjun verið í talsverðu sambandi og unnið að greiningu á lagnakerfum. (BI)
        1. Verður skoðað og greint samhliða skoðun og greiningu á lóninu á Fjarðarheiði

9. Veturinn, - tilkynningar farnar að berast frá Veðurstofu um úrkomu, vöktun mæla á Seyðisfirði og svo framvegis -
    a. Því velt upp hvernig nefndin vill fara með upplýsingar sem inn koma frá Veðurstofu, svo sem er varðar úrkomu og aukna vöktun á Seyðisfirði, - hvort og hvernig þeim verði best miðlað áfram til hagsmunaaðila eins og sveitarfélaga og Landsbjargar en ekki síður til íbúa.
        i. Árétta til íbúa að aðgangur þeirra að mælum Veðurstofu sé til staðar á rauntíma. Minna á hvernig þetta er skoðað.
        ii. Meta hverju sinni, hvort og hvernig kynnt verður, fer eftir alvarleika en mikilvægt að valda ekki ugg í brjósti íbúa að óþörfu
            1. Er í skoðun

10. Fundur með þingmönnum og Almannavarnanefnd
    a. Fyrirhugaður fundur með þingmönnum kjördæmisins á miðvikudag. Fundarboð sent fljótlega.

11. Önnur mál
    a. Eldsvoði á Egilsstöðum síðastliðinn miðvikudag (HGE)
        i. Haraldur vakti athygli á stóru máli og erfiðu þegar eldur kviknaði í húsi að Fagradalsbraut á Egilsstöðum. Slökkvistarf gekk afskaplega vel og samstilling viðbragðsaðila fumlaus og hnökralaus
            1. Samstarfssamningur er á milli slökkviliðanna sem reyndi á og gekk prýðilega.
    b. Útistandandi tjón og kostnaður í almannavarnaástandi (SHOZ)
        i. Sveinn benti á kostnað sem á stundum yrði til hjá einstaklingum sem taka þátt í björgunarstörfum og hjá björgunarsveitum, sbr. óveðrið sem gekk yfir um þarsíðustu helgi. Þann kostnað virðist enginn eiga nema sá sem fyrir verður.
            1. Ákveðið að freista þess að vekja athygli þingmanna kjördæmisins á þessu og eins taka þetta upp við almannavarnadeild RLS við fyrsta tækifæri.

12. Næsti fundur haldinn að mánuði liðnum.

LÖGREGLUSTJÓRINN Á AUSTURLANDI

# Fundur Almannavarnarnefndar Austurlands

**Dags og tími,** 06.10.2022, fundur 9/2022, haldinn í húsakynnum Fjarðabyggðar á Reyðarfirði.

Fundur hófst kl. 12 og stóð til kl. 13:30.

**Fulltrúar í almannavarnarnefnd eru:**

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri - formaður
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn - varaformaður
Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings
Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps,
Sigurjón Valmundsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands,
Helgi Gíslason, Fljótsdalshrepp
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, Landsbjörg á Austurlandi.

**Mættir:**

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn
Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð
Óðinn Gunnar Óðinsson, ritari sveitarstjóra Múlaþings (Varamaður)
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands,
Kjartan Benediktsson, Fljótsdalshrepp (Varamaður.)

Komust ekki á fundinn/forföll; Björn Ingimarsson, Sara Elísabet Svansdóttir, Sigurjón Valmundsson, Sveinn Halldór Oddsson Zoéga og Helgi Gíslason.

Gestir fundarins voru fulltrúi Landsnets, Guðmundur Ingi Ásmundsson forstjóri, netfang gudmunduri@landsnet.is og frá Rarik voru Guðmundur Hólm Guðmundsson og Finnur Freyr Magnússon.

JBH stýrði fundi.
KÓG ritar fundargerð.

**Dagskrá fundar:**
Gestir boðaðir á fund Almannavarnanefndar til að fara yfir ástæður rafmagnsleysis á Austurlandi dagana 25. og 26. september þegar óveður gekk yfir landið og Austurland varð þá sérstaklega illa úti:

Ástæða rafmagnsleysisins voru samverkandi þættir og þá fremur mannlegir en tæknilegir. Hinsvegar var fullyrt að hringtenging rafnetsins á Austurlandi, innan svæðis, sé að verða af svipuðum gæðum og í kringum höfuðborgarsvæðið. Hægt að keyra Austurland sem eyju þar sem áhrifa annarsstaðar frá gætir lítið eða ekki. Þá er Seyðisfjörður með öfluga virkjun og virkjun í smíðum á Vopnafirði. Líkur á truflunum á svæðinu fari því hratt minnkandi.

Fulltrúarnir voru spurðir sérstaklega út í Vopnafjörð þar sem er öflugt varaafl til staðar en ónotað í óveðrinu þó rafmagnsleysi hafi staðið í þrjár til fjórar stundir. Sögðu talsverðan tíma taka að koma

varaflinu af stað og í því fælist kostnaður. Mat þeirra, með það í huga að allar línur voru í lagi og rafmagnsleysi myndi því ekki standa lengi, að rétt væri að bíða þess að rafmagn kæmi á að nýju fremur en leggja í fyrirhöfn og kostnað við að starta varaafli til þess eins að koma því í gang á svipuðum tíma og rafmagn kæmi á kerfið að nýju. Mátu það svo eftir á að það mat þeirra hafi verið rétt.

Kallað var eftir því af almannavarnanefnd að neyðarnúmeri verði komið á af hálfu orkufyrirtækjanna sem nefndin gæti nýtt sér til að fá upplýsingar í rafmagnsleysi, orsökum þess og mögulegum tíma sem tæki að koma rafmagni á að nýju. Mikilvægt væri að fulltrúar í nefndinni gætu fengið slíkar upplýsingar hratt og örugglega til þess svo að miðla áfram til íbúa. Landsnet tók að sér að skoða þetta og óskaði eftir formlegu erindi frá nefndinni. (Þetta erindi sent Landsneti 07.10.22 kl. 12:07.)

Þess  var og óskað af hálfu Almannavarnanefndar að ef atvik yrðu sambærileg þeim sem upp hafa komið, að rafmagn fer af Austurlandi að hluta eða öllu leyti, að nefndin mætti þá boða sömu aðila til fundar að nýju með skömmum fyrirvara til að fá upplýst hverju sinni ástæður rafmagnsleysis og hvaða aðgerðir væru fyrirhugaðar til að fyrirbyggja slíkt að nýju. Þeir áfram um það, þökkuðu fyrir fundinn og samstarfið við Austurland sem að þeirra mati væri til fyrirmyndar og vildu þeir gjarnan leggja sitt af mörkum til að svo verði áfram. Þeim þakkað sömuleiðis.

Fundi slitið um kl. 13:30.

# LÖGREGLUSTJÓRINN Á AUSTURLANDI

## Fundur Almannavarnarnefndar Austurlands

**Dags og tími,** 14.11.2022, fundur 10/2022, haldinn á Teams.

Fundur hófst kl. 14:30 og stóð til kl. 15:30. KÓG stýrði fundi og ritar fundargerð.

**Fulltrúar í almannavarnarnefnd eru:**

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri - formaður
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn - varaformaður
Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings
Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps,
Sigurjón Valmundsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands,
Helgi Gíslason, Fljótsdalshrepp
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, Landsbjörg á Austurlandi.

**Mættir:**

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn
Óðinn Gunnar Óðinsson, skrifstofustjóri (Varamaður sveitarstjóra Múlaþings.)
Sigurjón Valmundsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Helgi Gíslason, Fljótsdalshrepp
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, Landsbjörg á Austurlandi.

Aðrir boðuðu forföll.

**Dagskrá fundar:**

1. Fundargerðir frá 3. okt. og 6. okt. lagðar fram til samþykktar.
    1. Samþykktar.

2. Mögulegt Öskjugos (Framhald síðasta fundar.)
    1. Fundur verður næst haldinn í janúar nk.
        1. Kynnt

3. Aðgerðastjórn á Austurlandi, - húsakynni aðgerðastjórnar, - (Framhald síðasta fundar.)
    1. Beðið eftir fundi með fulltrúum Almannavarnadeildar RLS
        1. Stefnt að fundi með fulltrúum almannavarnadeildar þar sem þetta verður meðal annars rætt, en þeirra er von í lok mánaðarins og munu halda hér aðgerðarstjórnaræfingu.

4. Símasamband á svæðinu, á Fagradal til að mynda, út Fáskrúðsfjörð, í Hvalsnesskriðum, við Stöðvarfjörð og á fleiri stöðum, þykir ekki gott og ekki til þess fallið að auka öryggi og öryggistilfinningu íbúa. (Framhald síðasta fundar.)
    1. Er ástæða til að freista þess að kortleggja þessi svæði og vekja á þeim athygli?
        1. Sveinn kallað eftir mælingum Fjarskiptastofu
        2. Mælingar í gangi. Sveinn fylgir því eftir að fá niðurstöður þegar þær liggja fyrir.
        1. Óðinn kannar hvernig Fjarskiptasjóður stendur varðandi möguleika á lagfæringum.

2. Búinn að kalla ítrekað eftir svörum við þessu en engin fengið. Heldur því áfram.

5. Viðbrögð við gróðureldum sbr. fundargerð síðasta fundar, önnur mál.
   1. Einhver tíðindi þarna?
      1. Engin tíðindi, - verið að rýna áætlun frá Skorradal um efnið. (HG/HBA)
      2. Viðbragðsáætlun komin vegna gróðurelda í umdæmi lögreglustjórans á N-eystra, - LSNE - Viðbragðsáætlun vegna gróðurelda, útgáfa 1.0, 01.05.2022.pdf (Sjá einnig á vef almannavarna.)
         1. Sigurjón skoðar.

6. Fjarðarselsvirkjun á Seyðisfirði, múffa gefur sig. (Sjá fundargerð frá síðasta fundi.)
   1. Tíðindi þarna?
      1. Hitaveita og Fjarðarselsvirkjun verið í talsverðu sambandi og unnið að greiningu á lagnakerfum. (BI)
         1. Verður skoðað og greint samhliða skoðun og greiningu á uppistöðulóninu á Fjarðarheiði

7. Veturinn, - tilkynningar farnar að berast frá Veðurstofu um úrkomu, vöktun mæla á Seyðisfirði og svo framvegis – (Framhald síðasta fundar)
   1. Uggur í íbúum vegna rigninga undanfarið. Úrkomuspá slæm fyrir næstu daga
      1. Fundað með Veðurstofu bæði fyrir og eftir fund almannavarnanefndar. Munu funda á morgun að nýju og stefnt að íbúafundi á Seyðisfirði, haldinn á Teams, undir stjórn Múlaþings þar sem Veðurstofa heldur framsögu og fulltrúar Múlaþings, almannavarnadeildar RLS og lögreglu verða á svæðinu.
         1. Verður haldinn kl. 16:30 en annar fundur, með björgunarsveitum og Rauða krossinum sem og lögreglu, Múlaþingi og Veðurstofu, haldinn áður þar sem farið verður yfir stöðuna og línur lagðar.

8. Fundur með þingmönnum og Almannavarnanefnd fyrir skemmstu
   1. Umræður
   2. Fínar umræður þar sem vel mun hafa náðst að kynna ástandið á Austurlandi og þær áskoranir sem við er að glíma. Almannavarnanefnd og í góðu samband við þingmenn og nefndarmenn hvattir til að vera í beinu sambandi við þá ef þurfa þykir.

9. Æfing fyrirhuguð í Norð- og Fáskrúðsfjarðargöngum, - tíðindi ?
   1. Fyrirhuguð um mánaðamótin næstu, 30. nóv og 1. des.
   2. Til skoðunar hvort klókt myndi að sauma saman heimsókn almannavarnanefndar og æfingu þessa með það að markmiði að fá sem mest út úr hvoru tveggja. (Sjá og lið 3.)
      1. MMS skoðar.

10. Vinnuhópar almannavarnanefndar
    1. Tíðindi þar?
       1. Fundir með lögreglu og björgunarsveitum á svæðinu í síðustu viku. Þar kom meðal annars fram áhugi á að hittast oftar með Rauða krossinum til að mynda, HSA og öðrum hagsmunaaðilum þar sem hægt myndi að stilla saman strengi og auka enn fagmennsku og viðbragð þegar til útkalls kemur. Verður rætt á fundum vinnuhópanna og skipulagt.

11. Tjón hjá björgunarsveitum og einstaklingum í almannavarnaástandi
    1. Rætt á fundi með þingmönnum, - þarf einnig að taka upp með Almannavarnadeild RLS
        1. Enn á eftir að gera verklag sem tekur á þessum atriðum til framtíðar. Hinsvegar mun RLS að líkindum taka á sig tjón einstaklings í björgunarstörfum á Möðrudal í óveðrinu sem gekk yfir fyrir skömmu.

12. Greining á áhættu – og áfallaþoli
    1. Fundir um efnið haldnir í mánuðinum, - verkefni sveitarfélaga (og almannavarna)
        1. Gera þetta hönd í hönd sveitarfélögin, með fulltingi lögreglu og almannavarna eftir atvikum.
            1. Ákveðið að halda þessum lið inni í dagskrá funda almannavarnanefnda þannig að hún verði upplýst jafnóðum um það hvernig málum vindur fram og geti gert sitt til að stuðla að framgangi þess.

13. Önnur mál
    1. HG vakti athygli á að tvær göngubrýr eru komnar við Hengifoss og hugmynd um að setja þá þriðju fyrir ofan fossinn.
        1. Lagði til björgunaræfingu viðbragðsaðila hið fyrsta sem þannig gætu kannað aðstæður og metið fyrir næsta sumar
            1. Verður tekið fyrir á fundi vinnuhóps almannavarnanefndar á Héraði sem fyrirhugaður er á morgun

14. Næsti fundur boðaður 12. des.

LÖGREGLUSTJÓRINN Á AUSTURLANDI

# Fundur Almannavarnarnefndar Austurlands

**Dags og tími,** 12.12.2022, fundur 11/2022, haldinn á Teams.

Fundur hófst kl. 14:00 og stóð til kl. 15:00. KÓG stýrði fundi og ritar fundargerð.

**Fulltrúar í almannavarnarnefnd eru:**

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri - formaður
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn - varaformaður
Jón Björn Hákonarson, bæjarstjóri Fjarðarbyggð
Björn Ingimarsson, sveitastjóri Múlaþings
Sara Elísabet Svansdóttir, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps,
Sigurjón Valmundsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands,
Helgi Gíslason, Fljótsdalshrepp
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, Landsbjörg á Austurlandi.

**Mættir:**

Margrét María Sigurðardóttir, lögreglustjóri
Kristján Ólafur Guðnason, yfirlögregluþjónn
Óðinn Gunnar Óðinsson, skrifstofustjóri (Varamaður sveitarstjóra Múlaþings.)
Haraldur Geir Eðvaldsson, slökkviliðsstjóri Brunavarna Austurlands,
Sigurjón Valmundsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar
Sveinn Halldór Oddsson Zoëga, Landsbjörg á Austurlandi.

Aðrir boðuðu forföll.

**Dagskrá fundar**

1. Fundargerð frá 14. nóvember lögð fram til samþykktar.
    a. Samþykkt
2. Almannvarnardeild ríkislögreglustjóra kemur 19.12.2022, námskeið, æfing og fleira frá kl. 09:00 til 17:00. (Sjá einnig fundarboð sem sent var almannavarnanefnd fyrir skemmstu.)
    a. Óskað uppplýsinga um það hverjir mæta;
        i. Haraldur og Ingvar mæta frá Brunavörnum og verða daginn
        ii. Sigurjón og Sigurfinnur mæta frá slökkviliði Fjarðabyggðar og verða daginn
        iii. Sveinn Halldór mætir og mun freista þess að lokka fleiri til liðs við sig úr svæðisstjórninni, - lætur vita hvernig gengur
        iv. Óðinn mætir frá Múlaþingi og sér til með fleiri
    b. Tillaga borin upp af MMS um að kostnaður vegna fundarins verði greiddur af almannavarnanefnd
        i. Samþykkt
3. Símasamband á svæðinu, á Fagradal til að mynda, út Fáskrúðsfjörð, í Hvalsnesskriðum, við Stöðvarfjörð og á fleiri stöðum. (Framhald síðasta fundar.)
    a. Upplýsingar frá Sveini og Óðni

        i. Ekkert komið frá Fjarskiptastofu (Sveinn.)
        ii. Fjarskiptasjóður tómur (Óðinn.)
            1. Verður skoðað með almannavarnanefndinni 19. des. nk. , - spurning hvaða leiðir eru bestar til að ýta þess máli áfram. (Sjá og lið 2 hér að framan.)

4. Viðbrögð við gróðureldum sbr. fundargerð síðasta fundar
    a. Einhver tíðindi þarna?
        i. Fundur á morgun í vinnuhópi almannavarnanefndar Múlaþings, freista þess að koma þessu verkefni af stað
            1. Kanna hjá almannavarnadeild RLS, á fundi 19.12.22, hvaða aðstoð þar er hægt að veita við gerð áætlunar
5. Fjarðarselsvirkjun á Seyðisfirði, múffa gefur sig. (Sjá fundargerð frá síðasta fundi.)
    a. Tíðindi þarna? (BI)
        i. Bíður næsta fundar
6. Úrkoma á Seyðisfirði í síðasta mánuði
    a. Viðbrögð almannavarnanefndar/aðgerðastjórnar, - kynning/skoðun?
        i. Mat fundarmanna að ágætlega hafi tekist til við upplýsingamiðlun meðal annars, - fikrum okkur áfram í rétta átt með skrifborðsæfingum meðal annars og eftirfylgni
        ii. Múlaþing að ganga frá því með formlegum hætti að í Herðubreið verði fjöldahjálparstöð á Seyðisfirði
7. Æfing sem haldin var í Norð- og Fáskrúðsfjarðargöngum (Sigurjón Valmundsson.)
    a. Helstu atriði :
        i. Hægt að stýra því í hvaða átt reykurinn fer en hraðinn kannski ekki mjög mikill
        ii. Þarf að endurskoða viðbragðsáætlunin, - varðar sér í lagi þátt Vegagerðarinnar
        iii. Fjarskiptamál þurfa skoðunar við
        iv. Mikilvægt að bæta við myndavélum í Fáskrúðsfjarðargöngum, afleitt ástand eins og það er núna
            1. Slökkvilið Fjarðbyggðar ýtir á Vegagerð með þetta.
        v. Upplýsingamiðlun til íbúa í aðdraganda æfingarinnar mátt vera meiri, til að mynda á pólsku og hefði mátt senda hana út fyrr en gert var
8. Vinnuhópar almannavarnanefndar
    a. Eitthvað nýtt að frétta þar?
        i. Gengið erfiðlega að manna hópinn Múlaþingsmegin, verður rætt á fundi á morgun
        ii. Ágætlega gengið í Fjarðabyggð, - helsta verkefni hópsins hefur verið undirbúningur að æfingunni í göngunum tveimur, sjá lið 7
9. Mat á öryggisstigi, - viðbúnaðargeta/áfallaþol í umdæmum lögregluembætta, kynning á verkefni sem er í gangi
    a. Vinna í gangi innan LAL með RLS.
        i. Kynnt, meira síðar þegar niðurstaða liggur fyrir

10. Önnur mál
    a. Engin sérstök

11. Næsti fundur mánudaginn 23. jan. 2023 kl. 14:00